



Borgarráð

Reykjavík, 15. desember 2025
USK25120231

Austurstræti 8, leiga

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samninga um húsnæði að Austurstræti 8 fyrir Vesturmiðstöð VEL.

Geinargerð

Velferðasvið er að undirbúa flutning á Vesturmiðstöð í Borgartún 8-16. Unnið er að breytingu og aðlögun á húsnæðinu í Borgartúni en á meðan er þörf að vera með hluta af starfsemi Vesturmiðstöðvar áfram til loka apríl 2026 í Austurstræti 8.

Meðfylgjandi samningar eru því til loka apríl og er leigufjárhæð um krónur 5.934.094.- fyrir tímabilið.

Virðingarfyllst,
Ragnheiður Sigvaldadóttir
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt:

Leigusamningur vegna janúar mánuðs við Reiti fyrir Austurstræti 8

Leigusamningur vegna við Reiti fyrir Austurstræti 8



Reykjavík

Samningur um aðstöðuleigu

Reitir atvinnuhúsnaði ehf., kt. 530117-0300, Kringlunni 4-12 í Reykjavík, hér eftir í samningi þessum nefndur leigusali og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu í Reykjavík, f.h. Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12 í Reykjavík, hér eftir í þessum samningi nefndur leigutaki, gera með sér svofelldan:

aðstöðuleigusamning.

- Leigusali leigir leigutaka rými á fjórðu hæð og í kjallara, að Austurstræti 8 í Reykjavík, merkt 248-0401 alls 554,5 fermetrar. Hið leigða er leigt undir skrifstofu. Fasteignanúmer samkvæmt Fasteignaskrá Íslands er hluti af F2241477.
- Leigusamningur þessi er tímabundinn og skal leigutíminn hefjast þann 1. janúar 2026 og ljúka þann 31. janúar 2026. Leigusamningi þessum lýkur á umsömdum lokadegi án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila.
- Tengiliður leigutaka er Indriði Kristjánsson, indridi.kristjansson@reykjavik.is, s. 411-4137.
- Leiguverð fyrir hið leigða er kr. 1.200.000 m.vsk. fyrir allt tímabilið.
- Gjalddagi leigunnar er 1. janúar 2026. Húsaleiga er innheimt með útsendum reikningum af hálfu leigusala. Reikninginn skal senda á Reykjavíkurborg Eignasjóð, kt. 570480-0149, b/t borgarbókhalds Borgartúni 10-12 í Reykjavík eða á bokhald@reykjavik.is.
- Leigutaki skal greiða af hinu leigða rafmagn, hiti og annan sameiginlegan kostnað af hinu leigða á leigutímanum og greitt af notanda kt. 530269-7609.
- Framleiga á hinu leigða húsnaði er óheimil nema með samþykki leigusala nema innan starfsemis innan Reykjavíkurborgar. Breytingar á hinu leigða eru óheimilar nema með skriflegu samþykki leigusala.
- Leigutaki ber ábyrgð á tjóni í hinu leigða samkvæmt ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 og almennum reglum skaðabótaréttar.
- Leigutaki skal skila húsnaðinu þrífnu og í góðu ástandi við lok leigusamnings.

Um samskipti leigusala og leigutaka og um réttindi og skyldur hvors um sig gilda, að öðru leyti en í samningi þessum greinir og eftir því sem við getur átt, ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 með áorðnum breytingum. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Ábyrgðaraðilar leigutaka, f.h. Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, undirrita samning þennan með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan með rafrænni undirritun í samræmi við lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019.

F.h. Reita atvinnuhúsnaðis ehf.
(sjá rafræna undirritun)

F.h. Reykjavíkurborgar
(sjá rafræna undirritun)

F.h. Reykjavíkurborgar - eignasjóðs
(sjá rafræna undirritun)

Samningur um aðstöðuleigu

Reitir atvinnuhúsnaði ehf., kt. 530117-0300, Kringlunni 4-12 í Reykjavík, hér eftir í samningi þessum nefndur leigusali og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu í Reykjavík, f.h. Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12 í Reykjavík, hér eftir í þessum samningi nefndur leigutaki, gera með sér svofelldan:

aðstöðuleigusamning.

- Leigusali leigir leigutaka 554,5 m2 rými, merkt 248-0401, á fjórðu hæð, að Austurstræti 8 í Reykjavík. Hið leigða er leigt undir skrifstofu. Fasteignanúmer samkvæmt Fasteignaskrá Íslands er hluti af F2241477.
- Leigusamningur þessi er tímabundinn og skal leigutíminn hefjast þann 1. febrúar 2026 og ljúka þann 30. apríl 2026. Leigutaki skal hafa heimild til uppsagnar á leigusamningi þessum frá 1. apríl 2026 með sjö (7) daga uppsagnarfresti. Komi ekki til uppsagnar að þá lýkur leigusamningi þessum á umsömdum lokadegi án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila.
- Tengiliður leigutaka er Indriði Kristjánsson, indridi.kristjansson@reykjavik.is, s. 411-4137.
- Leiguverð fyrir hið leigða er kr. 1.252.097 á mánuði auk vsk. Leiguverð skal miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í desember mánuði 2025 sem er 661,4 stig og breytist með henni til hækkunar eða lækkunar en þó aldrei undir upphafsverð leigu.
- Gjaldldagi leigunnar er 1. hvers mánaðar og greiðist fyrirfram. Húsaleiga er innheimt með útsendum reikningum af hálfu leigusala. Reikninga skal senda á Reykjavíkurborg Eignasjóð, kt. 570480-0149, b/t borgarbókhalds Borgartúni 10-12 í Reykjavík eða á bokhald@reykjavik.is.
- Leigutaki skal greiða af hinu leigða rafmagn, hiti og annan sameiginlegan kostnað af hinu leigða á leigutímanum. Skal framangreiddur kostnaður greiddur af notanda hins leigða, kt. 530269-7609.
- Framleiga á hinu leigða húsnaði er óheimil nema með samþykki leigusala. Breytingar á hinu leigða eru óheimilar nema með skriflegu samþykki leigusala.
- Leigutaki ber ábyrgð á tjóni í hinu leigða samkvæmt ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 og almennum reglum skaðabótaréttar.
- Leigutaki skal skila húsnaðinu þrifnu og í sambærilegu ástandi og það var í þegar eignin var tekin í leigu að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar

Um samskipti leigusala og leigutaka og um réttindi og skyldur hvors um sig gilda, að öðru leyti en í samningi þessum greinir og eftir því sem við getur átt, ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 með áorðnum breytingum. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Ábyrgðaraðilar leigutaka, f.h. Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, undirrita samning þennan með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan með rafrænni undirritun í samræmi við lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019.

F.h. Reita atvinnuhúsnaðis ehf.
(sjá rafræna undirritun)

F.h. Reykjavíkurborgar
(sjá rafræna undirritun)

F.h. Reykjavíkurborgar - eignasjóðs
(sjá rafræna undirritun)